



Knapamerkin voru haldin í vetur núna í annað skiptið og voru þáttakendur 13 talsins þetta árið, 4 börn og 9 fullorðnir og þar af voru 2 börn og 6 fullorðnir sem komu frá Djúpavogi og Álftafirði og 2 börn og 3 fullorðnir frá Hornafirði. Kennari var sem fyrr Ragnheiður Þorvaldsdóttir og kom hún eina helgi í mánuði frá janúar og fram í maí.

Fyrsta helgin var haldin þann 12.-14. janúar og byrjaði helgin á því að allir komu saman í Stekkhól til þess að fara yfir komandi vetur. Laugardagurinn og sunnudagurinn fóru svo í kennslu. Í pollahópnum þessa helgina mættu 5 krakkar frá Höfn.

Önnur helgin var haldin 9.-12. febrúar og var þá bóklegur tími fyrir knapamerki 1 uppi í Stekkhól á föstudagskvöldið. Síðan voru verklegir tímar á laugardag og sunnudag. Pollahópurinn mætti aftur þessa helgi og mættu þá 6 börn.

Þriðja helgin var haldin 15.-17. mars og byrjað var á bóklegum tíma fyrir knapamerki 2 uppi í Stekkhól á föstudagskvöldið. Verklegir tímar voru svo á laugardag og sunnudag og að sjálfsögðu var pollahópurinn á sínum stað. Í þetta skiptið mættu 5 börn.

Fjórða helgin var svo haldin 19.-21. apríl og eins og áður var byrjað á bóklegum tíma fyrir knapamerki 3 á föstudeginum. Verklegu tímarnir voru svo á laugardag og sunnudag. Í þetta skiptið mættu 6 börn í pollahópinn.



Fimmta helgin var aðeins öðruvísi en vanalega því Ragnheiður kom með morgunfluginu á föstudeginum og tók þá í tíma sem komust og auðvitað komum við pollahópnum að og þar mættu 6 börn. Um kvöldið var svo bóklegt próf í öllum knapamerkjum haldið upp í Stekkhól. Á laugardeginum voru svo verklegir tímar fyrir alla. Á sunnudeginum voru próf í knapamerkjum 1 og verklegir tímar þar inn á milli. Þetta var smá stressandi helgi því veðurguðirnir (og Ernir)



voru ekki að spila með okkur

í þetta skiptið. Prófdómariinn, hún Thelma Rut Davíðsdóttir ætlaði að koma með morgunfluginu á mánudeginum en fluginu seinkaði alltaf þannig að það endaði með því að Ragnheiður tók uppá video nokkur próf. Loksins kom svo Thelma kl. 13.00 þannig að hún gat byrjað að dæma prófin. En þar sem aðeins eitt flug var frá Hornafirði



þennan mánudag (þau voru tvö þegar flugin voru pöntuð) þá þurftum við að koma Ragnheiði og Thelmu uppá Egilsstaði um kvöldið þannig að þetta var mjög knappur tími sem við höfðum, en þetta hafðist á endanum og allt gekk eins og smurt. Allir nemendur stóðu sig með sóma og mig langar sérstaklega til þess að þakka fyrir hvað prófdagurinn gekk vel fyrir sig.

Þetta voru mjög skemmtilegar helgar og gaman að sjá þáttakendur vaxa í sínu námi, en misjafnt er hvaða knapamerki þau voru að taka. Sumir voru að taka bara eitt merki, önnur tóku tvö merki og einn nemandi skellti sér í þrjú merki.

Knapmerkin eru stigskipt reiðkennslukerfi sem telur til fimm stiga og eru þau í umsjón og ábyrgð Háskólans á

Hólum. Markmiðið með Knapamerkjunum er að stuðla að auknum áhuga á reiðmennsku og hestaíþróttum og auðvelda aðgengi, bæta þekkingu, meðferð og notkun hestsins á breiðum grunni.

Hestamennska á að vera skemmtileg og það þarf að passa að allir fái að njóta sín í því sem þeim finnst skemmtilegt að gera.

